

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 229/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Birgi Olsen**

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

### Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Lögreglumennirnir Guðmundur Stefán Jónsson og Sveinn Haukur Georgsson komu fyrir dóm af nýju hinn 14. janúar 1969.

Guðmundur Stefán lögreglumaður bar þá á þessa leið:  
„Vitnið segir, að það hafi aldrei séð ákærða undir stýri bifreiðarinnar G 3134 í umrætt sinn, og vegna þess að farangursgeymslulokið skyggði á, hafi það ekki séð inn í bifreiðina G 3134, er lögreglubifreiðinni var ekið á eftir henni. Vitnið kveðst heldur ekki hafa séð, er það kom að lögreglubifreiðinni frá heimili sínu, í sömu mund og bifreiðinni G 3134 var ekið framhjá, hver væri undir stýri hennar, og kveðst ekki muna, að það hafi greint það.

Vitnið segir, að strax eftir að lögreglubifreiðinni hafði verið snúið, hafi það séð aftur bifreiðina G 3134, sem þá hafi verið á ferð á Suðurgötu sunnan við Þúfubarð. Bifreiðinni hafi svo verið ekið áfram norður Suðurgötu, og kveðst vitnið ekki hafa fylgzt stöðugt með bifreiðinni, en er lögreglubifreiðin hafi verið á móts við Þúfubarð, kveðst vitnið minnst þess, að Sveinn Georgsson lögregluþjónn, sem ók lögreglubifreiðinni, hafi sagt, að bifreiðin G 3134 hafi stöðvazt þarna á stæðinu framan við biðskýlið, og kveðst vitnið þá hafa litið þangað og ekki hafa misst sjónar af bifreiðinni eftir það. Vitnið kveðst ætla, að frá því það

sá bifreiðina G 3134, eftir að lögreglubifreiðinni var snúið og þar til hún kom að henni, hafi aldrei liðið meira en ein mínúta, jafnvel minna.

Vitnið kveðst ekki telja útilokað, að ökumaður bifreiðarinnar G 3134 hafi getað fært sig úr framsætinu í aftursætið, án þess að það hefði getað séð það. Vitnið segir, að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið fremur greitt eftir bifreiðinni G 3134, sem ekið hafi hægt.

Vitnið segist ekki minnast þess, að gert hafi verið neitt þarna á stæðinu til að vekja þann, sem lá í aftursæti bifreiðarinnar, sem legið hafi á hliðinni í hálfgerðu hnipri og virzt sofandi.

Sveinn Georgsson hafi svo ekið bifreiðinni G 3134 og hafi þá Henry Olsen legið áfram í aftursætinu. Sveinn hafi ekið henni niður að lögreglustöðinni og þá hafi verið reynt að vekja hann og það gengið illa, þar eð hann virtist sofa mjög fast og ekki rumskað, fyrr en eftir að hróflað hafði verið mikið við honum, honum ýtt til og hann tekinn út úr bifreiðinni og hann þá vaknað þarna við bifreiðina. Hann hafi þá borið þess merki í andliti, að hann hafi legið lengi á sama stað og í sömu stellingu (munstraður), og telur vitnið, að merki þessi hafi gefið til kynna, að Henry Olsen hafi verið búinn að liggja í sömu stöðu í lengri tíma en tók að aka bifreiðinni G 3134 frá biðskýlinu að lögreglustöðinni“.

Vætti Sveins Hauks lögreglumanns fyrir dóminum er svo-hljóðandi:

„Vitnið segist hafa séð bifreiðina G 3134, strax eftir að lögreglubifreiðinni hafði verið snúið, og fylgzt stöðugt með henni eftir það og þangað til lögreglubifreiðin kom að G 3134 framan við biðskýlið og ekki tekið eftir, að neinn færi úr bifreiðinni á þessu tímabili.

Vitnið segir, að er það hafi komið að bifreiðinni, hafi ákærði verið í hægra framsæti, en Henry Olsen legið í keng í aftursætinu og virtist sofandi. Vitnið kveður það og Guðmund Jónsson ekki hafa talað við né gert neinar tilraunir til að vekja Henry þarna við biðskýlið, enda talið öruggt, að hann svæfi, en það ekið bifreiðinni að lögreglustöðinni

með ákærða hægra megin í framsætinu og Henry Olsen áfram, að því er virtist, sofandi í aftursætinu, og kveðst það ekki hafa orðið þess vart, að hann rumskaði á leiðinni. Er að lögreglustöðinni kom, hafi það og Guðmundur reynt að vekja Henry til lífsins, en gengið mjög illa og hann ekki vaknað fyrr en um það leyti sem hann var af þeim tekinn út úr bifreiðinni. Hafi hann þá verið eins og krumpaður í andliti og borið merki þess að vera búinn að liggja í sömu stellingu góða stund“.

Lögreglumennirnir staðfestu skýrslur sínar fyrir dóminum með eiði.

Ákærða og Henry Olsen var eftir handtöku þeirra tekið blóð til rannsóknar. Fundust í blóði þeirra „reducerandi“ efni, er samsvara 1.28‰ af alkóhóli í blóði ákærða, en 1.7‰ í blóði Henrys Olsens.

Ákærði hefur ekki viljað við það kannast, að hann hafi ekið bifreið sinni G 3134 frá Keflavík til Hafnarfjarðar að fararnótt 2. janúar 1965. Lögreglumönnum þeim, sem handtöku hann, skýrði hann þá svo frá, að maður nokkur, honum ókunnur, hefði ekið bifreiðinni, en orðið hræddur, stöðvað bifreiðina og hlaupizt á brott, er hann varð lögreglunnar var. Fyrir sakadómi síðar sama dag kvaðst ákærði lítið sem ekkert muna frá ferðum sínum um nóttina. Hann kvað sig ráma í, að hann hefði verið í bifreið sinni á leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar, vera þess fullviss, að hann hefði ekki stýrt bifreiðinni sjálfur, en ekki geta gert sér grein fyrir, hver hefði ekið henni. Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði ekki geta svarað því, hvort Henry Olsen hefði stjórnað bifreiðinni, „þar sem hann geti alls ekki gert sér grein fyrir, hver ökumaðurinn var“. Loks 2. maí 1967 kvaðst ákærði vilja leiðrétta fyrri framburð á þá leið, að Henry Olsen hefði ekið bifreiðinni, en stanzað við biðskýlið, er hann varð lögreglunnar í Hafnarfirði var, skriðið yfir í aftursæti bifreiðarinnar, lagzt þar fyrir og gert sér upp svefn. Hefur ákærði þannig orðið margsaga um stjórnanda bifreiðarinnar í umræddri ökuferð. Hinn 20. júní 1967 skýrði ákærði frá því, að Henry Olsen hefði í viðurvist tveggja

manna viðurkennt að hafa stjórnað bifreiðinni, en menn þessir hafa fyrir dómi báðir lýst því, að þeir minnst þess ekki að hafa heyrt slíkt af vörum Henrys, sem staðfastlega hefur neitað því að hafa verið við stjórn bifreiðarinnar. Með hliðsjón af því, hvernig Henry var á sig kominn, þykir mjög ósennilegt, að hann hafi stýrt bifreiðinni. Framburður ákærða um, að ókunnur þriðji maður hafi ekið bifreiðinni, er markleysa, sem enginn gaumur er gefandi. Þegar allt þetta er virt, þykir verða við það að miða, að ákærði, sem var eigandi bifreiðarinnar og sat í framsæti, þegar lögregluna bar að, hafi stjórnað henni sjálfur. Varðar sú háttsemi ákærða, þar sem hann var með áfengisáhrifum, við lagaþóð þau, er í ákæru getur. Verður héraðsdómurinn því staðfestur.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, kr. 10.000.00.

Ohæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa í héraði.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Birgir Olsen, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 16. október 1968.

Árið 1968, miðvikudaginn 16. október, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var í skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 26/1967: Ákærvaldið gegn Birgi Olsen.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Birgi Olsen vélsmið, Þórustíg 1, Ytri-Njarðvík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 2. janúar 1965 undir áhrifum

áfengis bifreiðinni G 3134 frá Keflavík til Hafnarfjarðar, þar sem akstri lauk við hiðskýli á Hvaleyrarholti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 22. marz 1937 á Siglufirði, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1958 24/10 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.

1962 19/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 19. gr. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga og ölvun.

1962 5/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá birtingu dómsins fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum.

1965 14/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 47. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 2. janúar 1965, klukkan 0555, stóð lögreglubifreiðin G 105 kyrrstæð á Suðurgötu á móts við hús nr. 14 B í Móabará í Hafnarfirði, og sneri framendi hennar til suðurs. Sveinn H. Georgsson lögregluþjónn sat í bifreiðinni og beið þar eftir Guðmundi S. Jónssyni lögregluþjóni, sem kominn var út á tröppur húss síns, Móabarðs nr. 14, og var á leið út í lögreglubifreiðina. Veittu þeir þá athygli fólksbifreið, sem ekið var norður Suðurgötu, og dró það einkum athygli þeirra að henni, að keðja slóst upp í aurbretti hennar, svo að mikill hávaði stafaði af, og einnig var farangursgeymslulok hennar opið. Bifreiðinni var ekið frekar hægt og heldur dregið úr hraða hennar, er hún var á móts við lögreglubifreiðina, en hraðinn svo aukinn.

Frá heimili Guðmundar Jónssonar lögregluþjóns að lögreglubifreiðinni voru um 20 metrar, og um leið og hann hafði setzt inn í hana, var henni snúið við og ekið á eftir áðurnefndri bifreið. Segja lögregluþjónarnir, að þeir hafi misst sjónar af bifreiðinni smástund, eða rétt á meðan lögreglubifreiðinni var snúið á veginum, en svo séð hana aftur strax að því loknu, þar sem hún var sunnan við gatnamót Þúfubarðs og Suðurgötu, að því er vitnið Svein Georgsson minnti. Lögreglubifreiðinni var nú ekið eftir margnefndri bifreið og komið að henni, þar sem hún

stóð við biðskýlið á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði, og reyndist hún vera með skrásetningarnúmerið G 3134. Bifreiðin var með fullum ljósum, lykill var í kveikjulás hennar, en ekki var vél hennar í gangi. Í bifreiðinni, sem var af Opel-gerð með vinstri handar stýri, voru tveir menn. Hægra megin í framsæti bifreiðarinnar sat maður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og sneri hann baki í hurðina. Í aftursætinu sat maður, sem síðar reyndist vera Henry Olsen. Virtist hann sofa mjög fast, og gekk illa að vekja hann, eftir að hann hafði verið fluttur að lögreglustöðinni. Ákærði var hins vegar vel vakandi og svaraði lögreglumönnunum, strax og á hann var yrt. Virtist hann töluvert undir áfengisáhrifum, en þó vel viðmælandi, og bar hann með sér, að hann hafði skriðið undir bifreiðina að fást við keðjur hennar, þar eð hann var óhreinna á öxlinni og handleggjum og með keðju-töng og keðjulása í vasa sínum. Hann tjáði lögreglumönnunum þegar, að annar maður hefði ekið bifreiðinni, en sá maður hefði hlaupið á brott frá bifreiðinni, en ekki gat ákærði upplýst, hvert þessi maður hefði farið eða hver hann væri. Lögreglumennirnir leituðu nú í næsta nágrenni við bifreiðina, en urðu ekki varir neinna mannaferða, en nokkur spölur er frá biðskýlinu að næstu húsum. Þó að dimmt hafi verið af nóttu, var léttskýjað og svæðið umhverfis biðskýlið vel upplýst, svo að hafi maður farið út úr bifreiðinni, eftir að lögreglubifreiðinni var snúið, kveða lögreglumennirnir víst, að þeir hefðu séð hann. Vegna þess að farangurslok margnefndrar bifreiðar var opið, skyggði þar svo á, að ekki sást inn í hana, er ljós lögreglubifreiðarinnar lýstu upp bifreiðina, er lögreglubifreiðinni var ekið á eftir hinni bifreiðinni, og sáu lögreglumennirnir því ekki, hve margir voru í bifreiðinni eða hvað þeir afhöfðust.

Við rannsókn málsins fyrir dómi hefur bæði ákærði og Henry Olsen neitað að hafa ekið bifreiðinni, sem var í eigu ákærða.

Ákærða kvaðst ráma í, að hann var í umrætt sinn á leið frá Keflavík til Hafnarfjarðar í bifreið sinni, sem staðið hafði við Aðalstöðina í Keflavík. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hver hefði ekið bifreiðinni, og kvaðst ekki geta svarað, hvort Henry kynni að hafa ekið bifreiðinni. Lögreglumönnunum virtist ákærði vera skýr í hugsun og vel viðmælandi, er hann var handtekinn. Rúmum 2 árum síðar, eða 2. maí 1967, kemur ákærði aftur fyrir dóm og breytir þá fyrri framburði sínum og sagði þá, að Henry Olsen hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar G 3134 aðfaranótt 2. janúar 1965 fyrir utan Aðalstöðina í Keflavík

og ekið henni meðal annars eitthvað um götur í Keflavík og svo til Hafnarfjarðar, en er þangað hafi komið, taldi ákærði Henry hafa orðið varan við lögregluna í Hafnarfirði og þá ekið að biðskýlinu á Hvaleyrarholti, klifrað yfir bak framsætis bifreiðarinnar, lagzt þar niður og þóttzt vera sofandi, þegar lögregluna bar að. Ákærði var spurður, hvers vegna hann hefði ekki strax skýrt svo frá atvikum fyrir dómi, og kvað hann ástæðuna fyrir því vera, að Henry sé frændi hans og einnig hafi hann ekki verið viss um ábyrgð sína sem eiganda bifreiðarinnar og hann vitað, að Henry hafði áður lent í einhverju klandri.

Við samprófun ákærða og Henrys Olsens í sakadómi Keflavíkur hélt ákærði því fram, að Henry Olsen hefði í vitna viðurvist játað að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Vitnin Lúðvík Guðberg Björnsson, Suðurgötu 18, Keflavík, og Grétar Þór Sigurðsson, Háaleiti 23, Keflavík, könnuðust við að hafa verið með ákærða og Henry í húsi í Keflavík laust eftir áramótin 1964—1965, en minntust þess ekki, að Henry Olsen viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni.

Henry Olsen Jónsson, Vallargötu 27, Keflavík, fæddur 16. júní 1946, skýrði svo frá, að um kvöldið 1. janúar 1965 hefði hann verið á „kennderíi“ í Keflavík ásamt ákærða. Hann kvað þá hafa verið í bifreið ákærða, G 3134, og hafi piltur, sem Björn heitir og á heima á Langholtsvegi í Reykjavík, ekið bifreið ákærða. Henry kvaðst hafa sofnað í bifreiðinni í Keflavík og ekki vaknað aftur fyrr en við lögreglustöðina í Hafnarfirði og því ekki geta sagt, hver hefði ekið bifreiðinni til Hafnarfjarðar um nóttina. Við síðari yfirheyrslu breytti Henry framburði sínum og kvað Björn Aðalsteinsson áðurnefndan hafa ekið bifreið, sem Brynjar nokkur, sem búið hafi við Hafnargötu, hafi átt, en ákærði hafi skilið bifreið sína eftir við Matstofuna Vík í Keflavík og svo komið í bifreið Brynjars. Henry kvaðst ekki muna, hvornig hann komst í bifreið ákærða, og kvaðst ekki hafa ekið bifreið hans.

Vitnið Brynjar Valdimarsson, Vesturgötu 8, Keflavík, fæddur 21. marz 1939, kvaðst hafa verið staddur við Aðalstöðina á bíl sínum, Ö 625. Farþegar í bifreiðinni hafi verið Hannes Sigurðsson í Báranni og Guðmundur nokkur, sem vitnið vissi engin deili á. Vitnið kvað Björn Aðalsteinsson hafa ekið þeim eitthvað um bæinn. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort Henry Olsen var í bifreiðinni hjá því, en kvaðst minnst þess, að Henry og ákærði fóru saman og þá verið ölvaðir.

Björn og Henry hafi farið úr bifreiðinni einhvern tíma eftir miðnætti hjá Aðalstöðinni, og vissi það ekki um ferðir þeirra eftir þetta.

Vitnið Björn Ingi Ragnar Aðalsteinsson, Langholtsvegi 73, Reykjavík, kannaðist ekki við að hafa ekið bifreiðinni G 3134 í umrætt sinn.

Ekki varð upplýst með vætti vitna, hver hefði farið undir stýri bifreiðarinnar G 3134 í Keflavík og hafið þar aksturinn.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 1.28% af alkóhóli.

Verjandi ákærða hefur krafizt sýknu af kröfum ákæruvaldsins, þar eð ósannað sé, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G 3134 í umrætt sinn.

Ljóst er, að bifreiðinni var í umrætt sinn ekið frá Keflavík til Hafnarfjarðar, unz hún var stöðvuð við biðskýlið á Hvaleyrarholti, og voru þá einungis tveir menn í henni, ákærði og Henry Olsen, sem báðir reyndust vera undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur verið mjög reikull og óstöðugur í framburði sínum um, hver hafi ekið bifreiðinni, þó að honum sem eiganda bifreiðarinnar bæri skylda samkvæmt umferðarlögum að upplýsa lögregluna um það, og verður því ekki stuðzt við framburð hans í máli þessu, og verður ákærði að bera hallann af því, að sönnun skortir um þá fullyrðingu hans, að Henry Olsen hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Þegar það er svo virt, að ákærði er eigandi bifreiðarinnar, ósannað er, að hann hafi falið öðrum stjórn hennar, sá, sem er með honum í bifreiðinni, Henry Olsen, liggur sofandi í aftursæti hennar, er lögreglan kom að, og varð ekki vakinn fyrr en nokkru síðar, ákærði var hins vegar vel vakandi og við mælandi, sat hægra megin í framsæti bifreiðarinnar með bakið að hurðinni, sem bendir til þess, að hann hafi nýlega verið búinn að færa sig úr ökumannssætinu, hann tefur rannsókn málsins með því að verða margsaga, verður að telja það sterkar líkur fram komnar, að þær ásamt öðrum sönnunargögnum veiti lögfulla sönnun um, að ákærði hafi í umrætt sinn ekið bifreiðinni G 3134 undir áhrifum áfengis frá Keflavík til Hafnarfjarðar, en með þessu hefur hann gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hinn 5. marz 1962 var ákærði með dómi Gullbringu- og Kjósar-

sýslu dæmdur í 15 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá birtingu dómsins fyrir brot á umferðar- og áfengislögum. Dómur þessi hefur ítrekunaráhrif.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin kr. 7.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms Þórhallssonar.

Töluverður dráttur hefur orðið á meðferð málsins, og stafar hann af önnum hjá dómáranum, og einnig hafa rannsóknarlok tafizt vegna framkomu ákærða.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Birgir Olsen, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er frá birtingu dómsins að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin kr. 7.000.00 málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms Þórhallssonar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---